

Eystrahorn

39. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 31. október 2019

www.eystrahorn.is

Íbúafundur um almannavarnir vegna sprungu í Svínafellsheiði



Svínafellsjökull

Haustið 2014 fannst sprunga ofan Svínafellsjökuls, í norðanverðri hliðinni milli Skarðatinds og Svarthamra á ofanverðri Svínafellsheiði. Hliðin á þessum stað er brött og rís um 400 m yfir yfirborð jökulsins. Vorið 2018 uppgötvaðist önnur sprunga sem liggur skáhallt niður vesturhlið Svínafellsheiðar. Líklegt þykir að þessar sprungur tengist og að þær séu mögulega hluti af sömu sprungunni í berggrunni.

Sveitarfélagið Hornafjörður og Lögreglustjóraembættið á Suðurlandi boða til fundar um almannavarnir vegna sprungunnar í Svínafellsheiði.

Fundurinn verður haldinn 5. nóvember kl. 20:00 í Freysnesi.

Fundarstjóri verður Björn Ingi Jónsson, verkefnastjóri almannavarna.

Dagskrá fundarins:

- Setning fundar, Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri á Suðurlandi.
- Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur frá Háskóla Íslands.
- Magni Hreinn Jónsson hópstjóri ofanflóða frá Veðurstofu Íslands.
- Jón Kristinn Helgason sérfræðingur á sviði skriðufalla og hættumats frá Veðurstofu Íslands.
- Tómas Jóhannesson fagstjóri á sviði jöklafræða frá Veðurstofu Íslands.
- Fyrirspurnir

Fataskiptislá í Nýheimum

Á dögunum settu starfsmenn Nýheima þekkingarsetur upp fataskiptislá á vesturgangi hússins og býðst starfsmönnum og gestum að taka af og/eða bæta við fatnaði á slána eftir hentugleika. Fataskiptisláin er hluti af verkefninu Umhverfis Suðurland en það er sameiginlegt átak sveitarfélaganna fimmtán á Suðurlandi með Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, SASS, og gengur út á öflugt árvekni- og hreinsunarátak þar sem íbúar, fyrirtæki og sveitarfélög í landshlutanum eru hvött til enn meiri flokkunar og endurvinnslu en nú er.

Sláin tekur ekki mikið pláss en mun eflaust vekja athygli og hvetja til umhugsunar að því sem kemur að fötum og fatasóun en Starfmannafélag Fjölheima á Selfossi setti upp fyrstu slána og er vonin að koma af stað keðju af fataskiptislám meðal fyrirtækja og stofnana á Suðurlandi. Nýheimar skoruðu á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Höfn, HSU, sem hefur þegar sett upp slá. Sláin er á biðstofunni á heilsugæslustöðinni og segir Ester Þorvaldsdóttir að bæði starfsmenn og gestir stöðvarinnar hafi komið með flíkur og farið sælir heim með “nýja” flík. Starfsmenn HSU skora á Leikskólann Sjónarhól að



taka við keflinu og setja upp slá og halda keðjunni gangandi. Gaman væri ef önnur fyrirtæki eða stofnanir sýndu frumkvæði og settu upp slá hjá sér. #umhverfissuðurland



Hafnarkirkja

Föstudaginn 1. nóvember

Allra heilagra messa kl. 20:00

Látinna minnst í tali og tónum. Hægt verður að kveikja á kertum í athöfninni til að minnast látinna vina og ættingja.

Nánar um allra heilagra messu á heimasíðunni og Facebook



Hafnarkirkja

Sunnudaginn 3. nóvember

Eldriborgara messa kl. 14:00

Eldriborgarar munu sjá um lestur, hugleiðingu og Gleðigjafir sjá um söng.

Kaffi og kökur í safnaðarheimilinu að messu lokinni
Allir velkomnir

Sóknarprestur

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



FIMMTUDAGUR 31. OKT.

ÞRIGGJA KVÖLDA FÉLAGSVIST

hefst í kvöld fimmtudaginn 31. okt. kl. 20:00. Aðgangseyrir 1000 kr. góð verðlaun og heitt á könnunni. Mætið tímanlega elskurnar.

SAMVERA föstudaginn 1. nóvember kl. 17:00 „Sjónrænar heimildir um bráðnun jökla.“ Þorvarður Árnason forstöðumaður Háskólasetursins fjallar um efnið og sýnir myndir. Fróðlegt og skemmtilegt.

Allir velkomnir.



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

11., 12. og 13. nóvember.

Tímamantanir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. nóvember.

Ath. breyttur tími frá fyrri upplýsingum. Síðasta skoðun ársins.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Húsgagnaaval
Húsgögn og gjafavörur

Memory Deluxe

Svæðiskennt þrýstjöfnunardýna sem veitir fullkomna stöðing.
Hágeða sjö svæðiskennt heilsudýna sem styður rétt við líkamann. Cool Memory efni skilvirk og hlýðstök líkamann og gefur betri öndun. Góð þrýstjöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð djúpra og betri svefn. Öll verð eru með og fótum

Svefn & heilsa
★★★★★

Erum með úrval af rúmum í öllum stærðum og gerðum frá Svefn & heilsu

Opið virka daga kl. 13:00-18:00
Sími 478-1892 / 898-3664
Verið velkomin
Húsgagnaaval

Vildaráskrift
Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Jólaveisla Pakkhússins

Laugardagana 30. nóvember @ 7. desember

Tökum á móti fólki í fordrykk í kjallaranum ásamt sildarsnittum kl. 19:00, borðhald hefst kl. 19:30.

Matsedill

Við berum krösingarnar á borð og þið slakið á og njótið

<p>Tvireykt hangilæri og reykt villt gas með chilisultu, borin fram yfir rjúkandi greni</p> <p>Djúpsteiktur humar tempura, wakame, sifiracha majo</p> <p>Mini hreindýraborger með djúpsteiktum camembert og rauðlaukssultu ásamt hæglaðri seiti frá Lovisú á Háhöli á grilluðu flatbraudi</p> <p>Reykt neutatunga, piparrot, lettsyró gran epli og sitrusgráfinn lax, grófkórna sinnep, ferskt dill</p>	<p>Stökk vorrúlla með rifnu andalari, appelsinugljái og reykt önd á rússneskri pönnuköku</p> <p>Grilluð 30 daga hangin nautalund, stökk grisapúra, sæt kartafli, fréyðandi jerúsalem, ætípastlar, truffla, villisveppir</p> <p>Sticky toffee pudding með karamellu poppi, heitri karamellu og húsgörum appelsínu-éngifer rjómais</p>
---	--

PAKKHÚS
· RESTAURANT ·

Verð aðeins
7.900,-

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 478-2280 EÐA JOL@PAKKHUS.IS



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing um framkvæmdaleyfi

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur samþykkt að veita framkvæmdaleyfi vegna byggingu nýrra brúa yfir Fellsá og Steinavötn í Suðursveit og að verkið skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/ 2000. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 29. nóvember 2019.

Höfn í Hornafirði 28. október 2019
F.h. bæjarstjórnar, Gunnlaugur Róbertsson
skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / Sí. 4708000 / www.hornafjordur.is

Forval fyrir Gettu betur

FAS hefur mjög oft tekið þátt í spurningakeppninni Gettu betur og margir nemendur hafa skipað lið FAS í gegnum tíðina.

Síðustu daga hefur Málfundafélag FAS hugað að því að finna nemendur til að skipa lið næsta árs. Krakkarnir höfðu samband við Sigurð Óskar Jónsson fyrrverandi nemanda og liðsmann Gettu betur fyrir FAS en hann útskrifaðist árið 2006. Hann tók erindinu vel og samdi nokkrar spurningar fyrir nemendur til að spreyta sig á. Mikill áhugi var fyrir Gettu betur prófinu í FAS og mætti 21 nemandi til að reyna sig við spurningarnar.

Við ættum því að vita fljótlega hverjir skipa Gettu betur lið FAS.



SJÁLFSTÆÐISFÉLAGIÐ AUGLÝSIR

Bæjarmálafund í Sjallanum
laugardaginn 2. nóvember kl. 10:30.
Heitt á könnunni og allir velkomnir.

Stjórnin

D



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur í kjölfar deiliskipulagsvinnu vegna þéttingu byggðar í Innbæ á Höfn verður haldinn mánudaginn 4. nóvember 2019, kl. 20:00. Fundurinn verður haldinn í Nýheimum að Litlubru 2, 780 Höfn.

Gunnlaugur Róbertsson
skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / Sí. 4708000 / www.hornafjordur.is

Föstudagshádegi í Nýheimum

Föstudagshádegi Menningarmiðstöðvarinnar
í nóvember hefjast kl. 12:30

01.11 Lokað í mótuneyti

08.11 Soffía Auður Birgisdóttir

Bókakynning á nýrri bók: *Maddama, kerling, fröken, frá:*
Konur í íslenskum nútímabókmenntum.

15.11 Unnur Birna Karlsdóttir

Segir frá nýrri bók um sögu hreindýra á Íslandi.

22.11 Ester Þorvaldsdóttir

Kynning á jákvæðri sálfræði.

29.11 Matthildur Ásmundardóttir

Bæjarstjórnin fer yfir fjárhagsáætlun komandi árs.

Súpa, nýbakað brauð og pesto 1000 kr.
Salatbar 1000 kr.
í boði frá kl. 12.00
(Ath. ekki er tekið við kortum.)
Skráning í mat óskast á motuneyti@fas.is

ABSOLUTE TRAINING

KOLLA BJÖSS

NÓVEMBER NÁMSKEIÐ
HEFST 4. NÓVEMBER

SPÖRTHÖLLIN - HÖFN

18.990 KR

15 MÍN ANDLEG ÞJÁLFUN

45 MÍN LÍKAMLEG ÞJÁLFUN

4 VIKUR

KL. 17 - MÁN & MIÐV. & KL. 6:10 - FIMMT

KL. 8:10 - MÁN - MIÐV - FIMMT

SKRÁNING INN Á
ABSOLUTETRAINING.IS



Sviðaveisla Lions

Verður miðvikudaginn 13. nóvember á neðri hæð Pakkhússins frá kl. 18:00 til 20:00 eða meðan sviðin endast. Verðum með söltuð og fersk, rófur og kartöflur. Allur ágóði sviðaveislunnar rennur óskiptur til líknarmála í Hornafirði.

Ekki verður tekið við kortum.

Takk fyrir stuðninginn Norðlenska, Hornafjarðar kartöflur Seljavöllum og Pakkhúsið.





Opinn íbúafundur:

Ný hitaveita í Hornafirði

- Í Nýheimum á Höfn í Hornafirði.
- Miðvikudaginn 6. nóvember 2019, kl. 20:00.

Dagskrá:

- Kynning á verkefninu og aðdraganda þess.
- Tímaáætlun framkvæmda.
- Kostnaður og styrkir til framkvæmda.
- Tengingar húsa við nýja hitaveitu.
- Verðskrá og breytt sölufyrirkomulag.
- Fyrirspurnir og umræður.